



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps

Fundur nr.163 Málsnr 1801006 var haldinn í Zoom fjarfundabúnaði **þriðjudaginn 9.febrúar 2021 klukkan 16:00.**

Mætt eru: Jón Hrafn Karlsson (JHK) formaður, Bjarki Guðnason (BG), Rúnar Þorri Guðnason (RÞG), Kristbjörg Hilmarsdóttir (KH) og Bergur Kr Guðnason (BKG). Jafnframt sátu fundinn Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri, Margrét Ólafsdóttir frá Landmótun ehf. og Ólafur Elvar Júlíusson skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

1. 2102002 – Þjóðvegur 1 - Skaftá-Grenlækur – Umferðaröryggismat Vg.

Erna Bára Hreinsdóttir forstöðumaður skipulagsdeildar Vergagerðarinnar kynnir umferðaröryggismat sem unnið hefur verið vegna þjóðvegar 1, frá hringtorgi við Skaftárbrú að Grenlæk í Eldhrauni á samtals 9,6km löngum kafla skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd þakkar Ernu Báru Hreinsdóttur fyrir greinargóða yfirferð og kynningu á þessu svo mjög brýna og þýðingarmikla verkefni sem mun tryggja meira umferðaröryggi á þessum vegkafla um langa framtíð. Skipulagsnefnd vísar verkefninu til frekar úrvinnslu í vinnuhóp um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032.“

2. 2102003 – Kirkjubær II – ósk um stofnun lóðar úr Landnúmeri 163396.

Benedikt Lárusson fh. Lárusar Sigeirssonar kt. 250636-4669 óskar eftir heimild að stofna lóðina Fornugarðar úr Kirkjubæ II, L163396 skv. meðfylgjandi gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“

3. 2102004 – Framrás ehf. – Umsókn um námuleyfi.

Framrás ehf kt. 591289-0559, óskar eftir leyfi til að taka allt að 3.500m³ af mól úr Skaftá í landi Kirkjubæjarklausturs og Nýjabæjar vegna gatnagerðar við Læknisbústað skv. meðfylgjandi gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Fiskistofu.“

4. 2102005 – Könnun á húsnæðisþörf febrúar 2021

Ekki liggja fyrir niðurstöður svo afgreiðslu málsins er frestað.

5. 2102006 - Efri-Ey – Staðfesting hnitasettra landamerkja.

Ríkiseignir f.h. landeiganda, Ríkisjóðs Íslands, óska eftir samþykki Skaftárhrepps og áritun skipulags- og byggingarfulltrúa á hnitasettum uppdrætti skv. meðfylgjandi gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“

6. 2102007 - Seglbúðir – ósk um stofnun lóðar úr Landnúmeri 163433

Erlendur Björnsson kt. 270856-7649 óskar eftir heimild til að stofna lóð í kringum íbúðarhúsið úr Landnúmeri 163433 skv. meðfylgjandi gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“

7. Mál til kynningar

Öryggi mannvirkja – HMS kynning frá fundi með byggingarfulltrúum 15.jan 2021

Deiliskipulag skólareits – staða vinnunnar kynnt.

Húsnæðisþing 2021

https://hms.is/media/8581/stada-og-throun-husnaedismala_2021.pdf

Klausturhólar – Niðurstaða úr eldvarnarskoðun 26.1.2021

Skriðuvellir 8-10 – Aðaluppdrættir

8. Önnur mál.

Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnti hugmynd að stækkun leikskóla.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17.52